

Fimmtudaginn 11. nóvember 1971.

Nr. 130/1971. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Atla Örvar (Hrafnkell Ásgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fjársvik. Tékkamisferli.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og málflutn-ingslaun verjanda síns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Atli Örvar, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, Hrafnkels Ásgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 3. maí 1971.

Ár 1971, mánudaginn 3. maí, var í sakadómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var í dómssal embættisins af Sigurði Halli Stefánsyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 229/1970: Ákærvaldið gegn Atla Örvar.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 12. apríl s.l., er með þremur ákærum saksóknara ríkisins höfðað á hendur Atla Örvar sjómanni, Strandgötu 50 A í Hafnarfirði:

I. Með ákæru, dagsettri 29. janúar 1970, er málið höfðað „fyrir fjársvik, framin í Reykjavík í júlí 1969, með því að nota í viðskiptum eftirtalda tvo tékka til handhafa, útgefna af ákærða á

sparisjóðsávísanareikning nr. 856 í Sparisjóði Hafnarfjarðar, en reikningsnúmerið var valið af handahófi, og tékkana, sem ákærða var ljóst, að voru verðlausir, notaði hann í blekkingarskyni til að afla sér verðmæta. Tékkæyðublöðin tók hann í heimildarleysi úr tékkhefti konu sinnar:

1. B.Nr. 62147, kr. 4.000.00, dagsettur 13. júlí 1969. Seldur í Hótel Loftleiðum.
2. B.Nr. 62150, kr. 5.000.00, dagsettur 8. júlí 1969. Seldur Bifreiðastöð Reykjavíkur (B. S. R.) á útgáfudegi.

Þykir ákærði hafa með þessu gerzt brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940“.

II. Með ákæru, dagsettri 5. júní 1970, er málið höfðað „fyrir fjársvik, framin í júlí 1969, með því að nota í viðskiptum eftirtalinn tékka til handhafa, útgefinn af ákærða á sparisjóðsávísanareikning nr. 856 í Sparisjóði Hafnarfjarðar, en reikningsnúmerið var valið af handahófi, og tékkann, sem ákærða var ljóst, að var verðlaus, notaði hann í blekkingarskyni til að afla sér verðmæta. Tékkæyðublaðið tók hann í heimildarleysi úr tékkhefti konu sinnar.

1. B.Nr. 62148, kr. 2.000.00, dagsettur 8. júlí 1969. Seldur í veitingaskálanum á Geithálsi.

Þykir ákærði hafa með þessu gerzt brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940“.

III. Með ákæru, dagsettri 24. nóvember 1970, er málið höfðað „fyrir tékkasvik, framin í júlí 1970, með því að gefa út til handhafa eftirtalda tékka á sparisjóðsávísanareikning sinn, nr. 2587 í Útibúi Iðnaðarbanka Íslands í Hafnarfirði, og nota þá í viðskiptum, svo sem rakið verður, án þess að innstæða væri fyrir þeim:

1. C.Nr. 25728, kr. 500.00, dagsettur 18. júlí 1970. Greiðsla fyrir veitingar í veitingahúsinu Nausti í Reykjavík.
2. C.Nr. 25729, kr. 1.000.00, dagsettur 18. júlí 1970. Greiðsla fyrir bifreiðarakstur.
3. C.Nr. 25733, kr. 1.000.00, dagsettur 18. júlí 1970. Greiðsla fyrir veitingar í Hótel Valhöll, Þingvöllum.
4. C.Nr. 25739, kr. 1.500.00, dagsettur 19. júlí 1970. Seldur í Bílastöð Hafnarfjarðar h/f, Hafnarfirði.
5. C.Nr. 25741, kr. 1.000.00, dagsettur 19. júlí 1970. Greiðsla fyrir veitingar í Hótel Sögu, Reykjavík.
6. C.Nr. 25743, kr. 1.000.00, dagsettur 20. júlí 1970. Greiðsla fyrir bifreiðarakstur.

7. C. Nr. 25748, kr. 1.000.00, dagsettur 20. júlí 1970. Greiðsla fyrir veitingar í veitingahúsinu Háabæ í Reykjavík.

8. C. Nr. 25749, kr. 2.000.00, dagsettur 20. júlí 1970. Sama notkun og í lið 7.

Framangreindir verknaðir í liðum 1—8 þykja varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940“.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótagreiðslu og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 26. febrúar 1938 í Reykjavík, og hefur áður sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1963 5/12 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir tékkamisferli.

1966 2/3 í Hafnarfirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr., sbr. 256. gr. og 261. gr. hegningarlaga.

1966 22/5 í Hafnarfirði: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1966 12/8 í Hafnarfirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr., sbr. 1. mgr. 256. gr. hegningarlaga.

1966 18/10 í Hafnarfirði: Dómur: Fangelsi í 4 mánuði, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.

1967 18/5 í Hafnarfirði: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr., 2. mgr. 41. gr. og 49. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 8 mánuði frá 7. febrúar 1967.

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins:

I—II.

Einhvern fyrstu daga júlímánaðar tók ákærði tékkhefti konu sinnar, sem þá lá á sjúkrahúsi, úr skúffu á heimili hans, en hann hafði ekki heimild til að taka heftið eða nota það á neinn hátt. Nokkur óútfyllt eyðublöð voru í heftinu. Ákærði var mjög við drykkju um þetta leyti og skorti fé. Tók hann það til bragðs að útfylla 3 eyðublöð, sem voru á sparisjóðsávisanareikningi í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Ákærði ritaði af handahófi reikningsnúmerið 856 á eyðublöðin og undirritaði þau eigin nafni, en hann vissi, að innstæða var engin á reikningi konu hans. Að öðru leyti er tékkunum rétt lýst í ákærum 29. janúar 1970 og 5. júní 1970, eyðublaðanúmerum, fjárhæðum og dagsetningum.

Verður nú rakið það, sem fram hefur komið um notkun tékkanna:

1. Tékki B.Nr. 62147. Tékka þennan seldi ákærði í Hótel Loftleiðum, Reykjavík, og notaði andvirðið að einhverju leyti til að greiða fyrir veitingar.
2. Tékki B.Nr. 62150. Hinn 8. júlí 1969 ók Eiríkur Guðlaugs-son, leigubifreiðarstjóri hjá Bifreiðastöð Reykjavíkur, með ákærða um Reykjavík og víðar. Reyndi ákærði að selja Eiríki og fleirum tékka þennan og að lokum keypti Eggert Thorar-son, stöðvarstjóri hjá Bifreiðastöð Reykjavíkur, tékkann af ákærða. Um kr. 1.000.00 af andvirði tékkans notaði ákærði til að greiða aksturskostnaðinn.
3. Tékki B.Nr. 62148. Tékka þennan seldi ákærði í veitinga-skálanum Geithálsi hinn 8. júlí 1969 og notaði alla vega að hluta til að greiða fyrir veitingar.

Með atferli því, er að framan greinir, hefur ákærði gerzt brot-
legur við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Ákærði hafði sparisjóðsávísanareikning nr. 2587 í Útibúi Iðn-
aðarbanka Íslands í Hafnarfirði. Upplýst er, að á tímabilinu 18.—
20. júlí 1970 gaf ákærði út og notaði í viðskiptum eftirtalda 8
tékkka, án þess að innstæða væri fyrir þeim. Verður nú rakið það,
sem fram hefur komið um notkun tékkanna og við það fylgt
sömu töluröð og í ákæruskjali, en þar er þeim að öllu rétt lýst,
eyðublaðsnúmerum, upphæðum og dagsetningum:

1. Með tékka þessum staðgreiddi ákærði fyrir veitingar í veit-
ingahúsinu Nausti í Reykjavík.
2. Tékka þennan notaði ákærði til staðgreiðslu ökugjalds.
3. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir veitingar í Hótel
Valhöll, Þingvöllum.
4. Tékka þennan seldi ákærði í Bílastöð Hafnarfjarðar h/f,
Hafnarfirði.
5. Tékka þennan notaði ákærði til staðgreiðslu fyrir veitingar
í Hótel Sögu, Reykjavík.
6. Ákærði greiddi ökugjald með tékka þessum.
- 7-8. Staðgreiðsla fyrir veitingar í veitingahúsinu Háabæ í Reykja-
vík.

Með verknuðum þeim, er greinir í liðum 1—8 hér að framan,
hefur ákærði aflað sér fjárvinnings, samtals kr. 9.000.00, með
sviksamlegum hætti, og varðar sú háttsemi refsingu samkvæmt
248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV.

Ákærði hefur rofið skilorð dóms, uppkveðins 18. október 1966. Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, verður nú allt atferli ákærða dæmt í einu lagi. Refsing ákærða þykir samkvæmt 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 77. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Eftirtalдар bótakröfur eru fram komnar í málinu:

1. Eggert Thorarensen kr. 5.000.00
 2. Loftleiðir h/f — 4.000.00
- ásamt 1% dráttarvöxtum frá 13. júlí 1969 til greiðsludags og innheimtulaunum samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.
3. Vilhelm R. Ingimundarson, Réttarholtsvegi 1, Reykjavík — 2.000.00
 4. Hótel Valhöll — 1.000.00

Ákærði hefur samþykkt allar framangreindar kröfur, og verða þær teknar til greina að fullu, þó þannig, að innheimtulaun (krafa Hótel Loftleiða) verða ekki dæmd, þar sem krafan er uppi höfð og dæmd í opinberu máli.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hrafnkels Ásgeirssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 10.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Atli Örvar, sæti fangelsi 6 mánuði.

Ákærði greiði:

1. Eggert Thorarensen kr. 5.000.00
 2. Loftleiðum h/f — 4.000.00
- ásamt 1% dráttarvöxtum frá 13. júlí 1969 til greiðsludags.
3. Vilhelm R. Ingimundarsyni, Réttarholtsvegi 1, Reykjavík — 2.000.00
 4. Hótel Valhöll — 1.000.00

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun Hrafnkels Ásgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.